

Listir - Bækur - Menningarmál

Tónlist

Halldór Haraldsson skrifar tónlistargagnrýni.

Samsöngur Fóstbræðra



Fóstbræður ásamt Kristni Hallssyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands á sinfóníutónleikum í marz 1966.

Að þessu sinni hófu Fóstbræður samsöng sinn á nokkuð óvæntu vefnaði. Fimm lögum við ljóð eftir Tómas Guðmundsson, en lögin eru eftir háttvirtan menntamálaráðherra okkar, Gylfa Þ. Gíslason, en Jón Þórarinnsson raddsetti. Lög þessi eru hvorki frumleg né nýfiskleg og er áreiðanlega ekki ætli að að vera það. En því verður ekki neitað að þau eru sum hver lagleg smíð, snotar og yfirleitt einkar geðsleg. Bestar viðtökur virtist Þjóðvisan fá, en þar söng Guðrún Tómasdóttir einsöng í mjög hátt liggjandi laginu og þrátt fyrir svolítið óörugga byrjun, jóx henni svo fljótt ásmegin, að hún varð að endurtaka lagið. Í fyrsta laginu söng Hákon Oddgeirsson einsöng og fer ekki milli mála, að hann hefur mikla og opna rödd, en vantar frekari ögun og stípun. Kristinn Hallsson átti þarna líka sín hlutverk svo og í næsta verki, Ástarljóðum eða Völsum Op. 65 eftir Brahms. Í báðum verkum sýndi Kristinn örugga og músikalska meðferð.

Ennfremur sungu þar þær Svala Nielsen og Eygló Víktorsdóttir, sem báðar fóru smekklega með sín hlutverk að ógleymdri Sigurveigu. Hjaltested, hverrar rödd mér þótti hljóma fallega á dýpri tónunum. Þá má ekki gleyma hinu allstóra hlutverki þeirra Guðrúnar Kristinsdóttur og Ólafs Vignis Albertssonar, sem léku valsana fjórhent á flygilinn, en leikur þeirra bar vott um vandvirkni, sem borin var uppi af þrótti og smekkvísi.

Á síðari hluta efnisskrár komu svo „týpiskari“ karlákörsvær, sem báru vott um „faglega“ kunnáttu höfundanna eins og Törnudd og Hildebrand, en einna forvitnilegast og skemmtilegast þótti mér að hlýða á hina ungversku dansa Bartóks. Kórin sálfur virðist vera í þrýðilegri þjálfun í höndum Ragnars Björnssonar, jafnvægi yfirleitt ágætt, tenórar skáru sig fullmikið úr stöku sinnum e.t.v., en yfirleitt var útkoman hin ágætasta. Að öllu öðru ölstuðu, þótti mér kórin einna bestur í fyrsta aukalaginu.

Hjörleifur Sigurðsson skrifar myndlistargagnrýni:

Vefjarhiminn

Listvefnaður er fáséður hér á landi. Í svip man ég eftir örfáum listakönnum, sem hafa sinnt honum að nokkru gagni. Ásgerður Búadóttir er ein þeirra. Fyrst byggði hún allmjög á fyrmyndum en á síðari árum hefur margbreytilegur formheimur nútímans speglast í verkum hennar í æ ríkari mæli, hinn sami, er upphófst í málara-list í byrjun tugugusu aldarinnar en breiddist síðan út til höggmyndalistar, listiðgreina, auglýsingamynda, skreytinga og þar fram eftir götum. Sagan er svo kunn, að óþarft er að rekja hana í stuttri grein. Við skulum einnig minnst þess, að tákmyndir frumstæðra þjóða og alþýðulist menningarlanda Evrópu og annarra heimsálfa átti drjúgan þátt í að yta þessum heimi formsins fram til sigurs.

Ásgerður bregður fyrir sig ýmskonar stílgerðum í vefnaðinum. — Eitt teppið fylgir lóðréttum og láréttum grunnlinum út í æsar. Annars þeytir gleðinni á loft með skástrikum og björtum flötum á milli þeirra. Bæði eru hreinræktadar skreytimyndir í mínum augum. Það eru breiddarhljómarinnar, sem ráða örlögum einstakra þátta og samfélagsins. Aftur á móti kemur dýptin heilmikið við sögu í tungldúkum. Ég dreg nafnið af því, að mynd tákinn ýmist vaxa eða smækka eins og máni. Sum þeirra bifast ekki í nærveru augans, önnur spenna bogastreng forðabúrsins til hins hrasta. En mestum tíðindum sæta nýjstu teppi Ásgerðar: Haust

skógur og Vefjarhiminn. Ég er ekki í vafa um það, að stór og góð rækt arlönd biða höfundar þeirra. Blárenningurinn í Vefjarhimni er ótvírátt merki um það, tengsl hans við rýmiska borðana annað, innreið þeirra á himininn þriðja. Ég gæti haldið áfram að telja upp tákn og aðferðir þessarar myndar. Hitt er ljóst, að Ásgerður byggir sín verk á traustum grunni: vitsmunalegri og tilfinningaríkri virðingu fyrir efniviðnum. Hún er rauði þráður sýningarinnar í Unuhúsi. Ég get ekki stílt mig um að þakka Ragnari Jónssyni litla, snotra salinn, sem hann hefur smíðað... og rekur með dæmafáum myndarskap.



Ásgerður Búadóttir. T.v. sést verk hennar „Krossfararnir.“

kvik myndir



Sigurvegararnir, á frummálinu The Victors. — Bandarísk, sýningartími 175 mín. — Sýningarstaður: Stjörnuþió. — Leikstjóri og framleiðandi: Carl Foreman.

Ég sé í auglýsingu bíósins, að Foreman er sagður hafa stjórnað „The Guns of Navarone“ (Byssurnar í Navarone) en það var Jack Lee Thompson, sem hefur einnig stjórnað „Woman in a Dressing Gown“ 1957, sýnd hér í Austurbæjarbíói 1964 og „What a Way to go“ 1964, er sýnd var hér um jólin í Nýja bíói fyrir utan áður nefnda mynd, er Stjörnuþió sýndi. Þessi mynd sýnir hernað bandamanna allt frá innrásinni á Ítalíu þar til friður hefur verið saminn og kalda stríðið er byrjað í Berlín.

Það er margt líkt með „The Victors“ og „The story of G. I. Joe“, sem var samin eftir blaðgreinum Ernie Pyle, blaðamanns, er seinna beið bana er flugvélin, sem hann var í, var skotin niður yfir Kyrrahafi, og „They were expendable“ eftir John Ford. Í þessum myndum er gerð tilraun til að víkja frá hinni ríkjandi hefð í stríðsmyndum er sýna stríðið sem byssuleik, þar sem rétti maðurinn er drepinn á réttum stað (vondi óvinurinn, sem skýtur á góða hermanninn). Að lokum snýr hetjan heim, að vísu dálítið slæptur hylltur af ættingjum og vinum og umfaðmaður af ástkærri unnustu, sem beðið hefur hans trúföst.

Það getur varla dulizt neinum hvað Foreman er að sýna með árásinni á skotbyrgið, þó að Bandamenn hafi alla tíð lagt ríka áherzlu á miskunnarleysi herja möndulveldanna þá fer alltaf svo, að stríðið framkallar og magnar það versta í öllum, hverrar þjóðar sem þeir eru. Skörpum andstæðum er náð með tónlist, sem er mjög fjölbreytt og vandvirknislega notuð (þó ekki ofnotuð, sem oft vill þó brenna við í slíkum myndum) t.d. í Ítalíuatriðinu slagsmálin á kránni, þá glymur í útvarpinu söngur um bræðralag og frið. Og atriðið frá Belgíu fréttamynd af hermönnum að leika sér í snjónum, sem skiptir skyndilega yfir, við sjáum fjölda bíla stefnt í eina átt meðan að kór syngur glaðlega jólasöngva. Hermönnum hefur verið stefnt saman til að vera vitni að aftöku strokuhermanns, dökkir hermanna-búningarnir bera af við hvítan snjóinn og ungi hermaðurinn gerir örvæntingarfulla höfuðhreyfingu til að forðast svörtu dauðahettuna. Þegar aftökunni er lokið verður þögn, sem rofin er af háværum sigursálmi um fögnuð jólanna og frið á jörðu og lotningu til handa konungi lífsins.

Þessi myndataka er sú langbesta í allri myndinni. Rússneskt þjóðlag er leikið þegar sýnd hefur verið fréttamyndin frá Berlín og persónuleiki þýzku stúlkunnar, sem Romy Schneider leikur, er betur sýndur en með mörgum orðum þegar hún leikur „Eine kleine Frühlingsweise“ á kaffihúsinu.

Handritið er nokkuð sémilegt, en dálítið barnalegt og bregður fyrir ósmekklefum útpældum setningum. T.d. segir þýzka stúlkan Helga „þýzkar stúlkur eru bestar“ og áður „ameríkanarnir eru bestir“.

Athyglisvert er, að hermennirnir tala aldrei um framtíðina eða angurværar minningar að heiman áður en stríðið brautz út, fyrir þá er ekkert nema líðandi stund, bölvun stríðsins.

Leikarinn George Hamilton leikur aðalhlutverkið. Almennigur í Bandaríkjunum kvað líta það illu auga að hann hefur hingað til ekki viljð fara til Viet-Nam, en nýlega hefur hann breytt um skoðun og látið hafa eftir sér, að hann hafi skyldur við land sitt og muni fara ef þess verður krafizt af honum. Þetta er mjög laglegur ungur, 27

ára, gamall leikari og virðist líklegur til að taka við af Montgomery Clift heitnum sem falletti, góði, ungi maðurinn í bandarískum kvikmyndum, sem ævinlega fer illa út úr lífinu.

Margar svokallaðar stórstjörnur fara með hlutverk en fréttamyndirnar auka mjög á raunveruleikann og þeim er skeytt vel inn í atburðarásina. Mörgum kann að virðast þessi mynd of sundurlaus en samt er hún ein samofin heild, að efni og formi. Hún hefur hlotið mikla aðsókn og er ein af þeim kvikmyndum, sem mestar tekjur hefur gefið af sér á síðari árum.

P. L.



Jeanne Moreau í Sigurvegararnir.